

## FORSÆTISNEFND

Ár 2023, föstudaginn 13. október, var haldinn 331. fundur forsætisnefndar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10:07. Viðstödd voru Marta Guðjónsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir og Gísli S. Brynjólfsson. Eftirtaldir áheyrnarfulltrúar tóku sæti á fundinum: Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir og Alexandra Briem. Eftirtaldir fulltrúar og áheyrnarfulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir og Líf Magneudóttir. Eftirtaldir starfsmenn og embættismenn sátu fundinn: Helga Björk Laxdal, Bjarni Þóroddsson og Ólöf Magnúsdóttir sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram drög að dagskrá fundar borgarstjórnar 17. október 2023. Forsætisnefnd óskar eftir að eftirtalin mál verði tekin á dagskrá sem sérstakir dagskrárlíðir með vísan til samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar:
  - a) Skýrsla nefndar um heildstæða athugun á starfsemi vöggustofa í Reykjavík samanber 9. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. október
  - b) Umræða um Sundabraut (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks, Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar, Flokks fólksins og Vinstri grænna)
  - c) Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fýsileikakönnun á stuðningi við uppsetningu sólarcella á heimilum í Reykjavík
  - d) Umræða um frístundastyrkinn og hvernig vikið hefur verið frá upphaflegu markmiði hans (að beiðni borgarfulltrúa Flokks fólksins)
  - e) Umræða um NPA-samninga og fjölda sem er á bið (að beiðni borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands)
  - f) Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um sameiningarviðræður við Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ
  - g) Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðgerðaáætlun um almenningssamgöngur
  - h) Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að snjallvæðing umferðaljósa verði í forgangi við endurskoðun samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. MSS23010044
- 10:16 tekur Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir sæti á fundinum og aftengist fjarfundarbúnaði.
2. Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 27. september 2023, varðandi breytingu á viðauka 2.6 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Vísað til borgarstjórnar. MSS22080219
3. Fram fer umræða um vinnuáætlun borgarfulltrúa. MSS23010284

### Fundi slitið kl. 10:32

Marta Guðjónsdóttir

Gísli S. Brynjólfsson  
Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir  
Líf Magneudóttir